

# STARFSÁÆTLUN SUÐURHLÍÐARSKÓLA 2018 - 2019

## Skipulag skólans

Í Suðurhlíðarskóla eru um 45 nemendur í 1. – 10. bekk. Samkenndsla er milli árganga eins og hér segir: 1. og 2. bekkur, 3. og 4. bekkur, 5. til 7. bekkur og 8. til 10. bekkur. Skólinn er einsetinn og kenndsla hefst kl. 8:30. Boðið er upp á lengda viðveru í Kósýkoti fyrir nemendur á í 1. til 4. bekk eftir að skóladegi lýkur. Kósýkot er opið alla daga til kl. 16:30. Skólinn opnar kl. 7:45 á morgnana og þá er næðisstund í skólanum þangað til kenndsla hefst kl. 8:30.

Sími Suðurhlíðarskóla: 568-7870

Netfang: [shs@sudurhlidarskoli.is](mailto:shs@sudurhlidarskoli.is)

Heimasíða: [www.sudurhlidarskoli.is](http://www.sudurhlidarskoli.is)

**Skóladagatal** Suðurhlíðarskóla er að finna á heimasíðu skólans.

### Skólaárið

Skólaárinu í Suðurhlíðarskóla er skipt upp í þrjár annir sem gerðar eru upp með formlegu námsmati og foreldraviðtölum í lok hverrar annar.

### Kennslustundir

Vikulegur kennslustundafjöldi í hverjum árgangi þar sem hver kennslustund er 40 mínútur:

1. bekkur 30 stundir
2. bekkur 30 stundir
3. bekkur 34 stundir
4. bekkur 34 stundir
5. bekkur 34 stundir
6. bekkur 34 stundir
7. bekkur 34 stundir
8. bekkur 39 stundir
9. bekkur 39 stundir
10. bekkur 39 stundir

## Skóladagurinn

- Skólinn opnar á hverjum morgni kl. 7:45 (Næðisstund til 8:30)
- Kennsla hefst alla daga kl. 8:30. Kennslu lýkur samkvæmt stundaskrá fyrir hvern árgang.
- Frímínútur eru fyrir hádegi kl. 9:50 – 10:10 og eftir hádegi kl. 13:20 – 13:40.
- Hádegishlé er kl. 11:30 – 12:00.

## Skólasetning

Nemendur og foreldrar þeirra eru boðnir á skólasetningu Suðurhlíðarskóla. Tímasetning skólasetningar er ávallt auglýst.

## Foreldra- og nemendaviðtöl

Umsjónarkennari boðar til foreldraviðtals í lok hverrar annar. Nemendur mæta með foreldrum/forráðamönnum í viðtalið. Í viðtölunum er unnið að áætlun og markmiðum fyrir hverja önn fyrir sig, farið yfir námsmat, félagslega þætti og annað sem þörf þykir að ræða. Umsjónarkennarar auglýsa einnig viðtalstíma í foreldra- og nemendaviðtölum á kennarastofu skólans.

Kennarar eru ekki allir með sérstaka viðtalstíma en foreldrar og aðstandendur senda tölvupóst á kennara, netföngin má nálgast á heiðasíðu skólans. Stundum eru aðstæður þannig að mál þola ekki bið og er alltaf reynt að mæta þeirri þörf sem er til staðar en hafa skal í huga að kennarar hafa oft annríkt í frímínútum og í byrjun skóladags.

## Skipulagsdagar (starfsdagar)

Á skipulagsdögum eiga nemendur frí en kennarar vinna að samstarfsmiðuðum þáttum svo sem mati á skólastarfinu, áætlanagerð, undirbúningi og endurmenntun.

Skipulagsdagar eru 5 á starfstíma nemenda og 8 utan þess. Þessir dagar eru skráðir á skóladagatali. Kósýkot er opið á skipulagsdögum sem eru innan skólaárs nemenda.

Foreldrar eru beðnir um að láta vita ef þeir munu nýta Kósýkot þessa daga.

---

## **Haustfrí og vetrarfrí**

Haustfrí er í október og vetrarfrí í febrúar samkvæmt skóladagatali okkar og fylgjum við áætlun Reykjavíkurborgar þar sem allir skólar í borginni eru með haustfrí og vetrarfrí á sama tíma. Ef út af bregður og haustfrí eða vetrarfrí er á öðrum tíma verður þetta sérstaklega auglýst.

Skólinn er lokaður í haust-, jóla-, vetrar- og páskafríum og engin starfsemi fer fram.

## **Jóladagskrá Suðurhlíðarskóla**

Síðasta skóladag fyrir jólafrí er hefðbundin kirkjujól Suðurhlíðarskóla í Aðventkirkjunni við Ingólfsstræti í Reykjavík. Þar sem kirkjujól eru að kvöldi er ekki kennsla þann dag í skólanum. Dagskrá er í höndum kennara og nemenda skólans og mikil hátíð hjá okkur.

## **Skólaslit**

Nemendur mæta í sal skólans þar sem skólanum er slitið formlega. Þá flytja nemendur tónlistaratriði, sýna dans eða leikatriði sem kennarar hafa undirbúið með þeim. Reynt er að skapa hátíðlegt og notalegt andrúmsloft. Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til þess að koma. Tímasetning skólasetninga og skólaslita er ávallt kl. 18 en tímasetning er auglýst á heimasíðu Suðurhlíðarskóla. Þann dag býður foreldrafélagið upp á grillaðar pylsur að athöfn lokinni.

## **Starfsfólk Suðurhlíðarskóla**

---

## Stjórnendur netföng

|                        |                         |  |
|------------------------|-------------------------|--|
| Frode F. Jakobsen      | skólastjóri             | <a href="mailto:frode@sudurhlidarskoli.is">frode@sudurhlidarskoli.is</a> |
| Linda María Jónsdóttir | bókari og launafulltrúi | <a href="mailto:linda@sudurhlidarskoli.is">linda@sudurhlidarskoli.is</a> |
| Judel Ditta            | fjármálastjóri          | <a href="mailto:iudel@adventistar.is">iudel@adventistar.is</a>           |

## Umsjónarkennarar

|                                |                   |  |
|--------------------------------|-------------------|--|
| Þorbjörg Ásta Þorbjarnardóttir | 1. og 2. bekkur   | <a href="mailto:thorbjorg@sudurhlidarskoli.is">thorbjorg@sudurhlidarskoli.is</a> |
| Steinunn Hulda Theodórsdóttir  | 3. og 4. bekkur   | <a href="mailto:steinunn@sudurhlidarskoli.is">steinunn@sudurhlidarskoli.is</a>   |
| Kristín Valgerður Gísladóttir  | 5. til 7. bekkur  | <a href="mailto:marcia@sudurhlidarskoli.is">marcia@sudurhlidarskoli.is</a>       |
| Sólrun Ásta Steinsdóttir       | 8. til 10. bekkur | <a href="mailto:solrun@sudurhlidarskoli.is">solrun@sudurhlidarskoli.is</a>       |

## Sérgreinakennarar

|                     |                          |  |
|---------------------|--------------------------|--|
| Kristín Gísladóttir | Listgreinakennsla og val | <a href="mailto:kristin@sudurhlidarskoli.is">kristin@sudurhlidarskoli.is</a>   |
| Björg Pálsdóttir    | Tónmennt                 | <a href="mailto:steinunn@sudurhlidarskoli.is">steinunn@sudurhlidarskoli.is</a> |
| Frode F. Jakobsen   | Siðfræði og trúarbrögð   | <a href="mailto:frode@sudurhlidarskoli.is">frode@sudurhlidarskoli.is</a>       |

## Stuðningsfulltrúar

|  |  |
|--|--|
| Marcia P. S. Williams (umsjónarmaður Kósýkots) | <a href="mailto:marcia@sudurhlidarskoli.is">marcia@sudurhlidarskoli.is</a> |
| Einar S. Arason                                | stuðningsfulltrúi og starfsmaður í Kósýkoti                                |
| Ester Oyoyo                                    | stuðningsfulltrúi og starfsmaður í Kósýkoti                                |

## Matráður

|                             |  |
|-----------------------------|--|
| Kristjana E. Guðmundsdóttir | <a href="mailto:keg@internet.is">keg@internet.is</a> |
|-----------------------------|--|

## Skólahjúkrunarfræðingur

|                        |  |
|------------------------|--|
| Anna María Guðnadóttir | <a href="mailto:anna.maria.gudnadottir@heilsugaeslan.is">anna.maria.gudnadottir@heilsugaeslan.is</a> |
|------------------------|--|

---

## Umsjónarkennari

Allir nemendur hafa umsjónarkennara sem gegnir lykilhlutverki í umsjón með nemandanum og samvinnu við foreldra/forráðamenn. Hann fylgist með skólasókn, ástundun og heimavinnu nemandans. Einnig fylgist hann með líðan nemandans og hefur reglulegt samráð við forráðamenn um gengi hans í skólanum. Foreldrar/forráðamenn hafa greiðan aðgang að umsjónarkennaranum á vinnutíma hans. Viðtalstímar kennara eru auglýstir sérstaklega á haustönn og við viljum biðja foreldra/forráðamenn um að nýta sér þann tíma og ef menn þurfa annan tíma að finna tíma í samráði við kennara.

## Ritari

Ritari er tengiliður skólans og hagsmunaaðila hans. Hann þarf m.a. að hafa góða yfirsýn yfir skólastarfið og því er nauðsynlegt að tilkynna allar breytingar og upplýsingar til hans.

## Heilsugæsla

Skólaheilsugæslu í Suðurhlíðarskóla er sinnt frá heilsugæslu Hlíðahverfis. Helstu störf skólahjúkrunarfræðings eru reglubundnar skoðanir, bólusetningar, viðtöl, fræðsla og ráðgjöf af ýmsum toga, fyrirbyggjandi starf og vinna að nemendavernd. Slysa- og bráðapjónusta er alltaf á viðverutíma skólahjúkrunarfræðings í skólanum. Nemendur er hvattir til að fara einungis til hjúkrunarfræðings þegar brýna nauðsyn ber til. Kennarar leiðbeina nemendum og benda á viðtalstímana. Símatími er alla daga sem skólahjúkrunarfræðingur er með viðveru í skólanum. Sjúkrakassar eru í öllum kennslustofum og hjá ritara. Starfsfólk skólans er hvatt til að nota sjúkrakassana vegna minniháttar meiðsla og meta hvenær nemandi þarf að fara til hjúkrunarfræðingsins eða á heilsugæslu ef hjúkrunarfræðingur er ekki við.

### Viðverutími skólahjúkrunarfræðings:

Anna María Guðnadóttir sinnir Suðurhlíðarskóla sem skólahjúkrunarfræðingur og á heilsugæslustöðinni í Drápuhlíð. Hún er í skólanum annan hvern mánudag fyrir hádegi. Fyrir þá sem vilja hafa samband við hana, þá er tölvupóstur hennar eftirfarandi:  
[anna.maria.gudnadottir@heilsugaeslan.is](mailto:anna.maria.gudnadottir@heilsugaeslan.is)

---

## Kósýkot – lengd viðvera

Við skólann er starfrækt Kósýkot sem er lengd viðvera fyrir nemendur í 1. – 4. bekk að loknum hefðbundnum skóladegi. Markmið með starfinu er að þroska félagslega færni barna í samskiptum gegnum leik og starf en boðið er upp á fjölbreytt tólmstundarstarf. Kósýkot hefur aðstöðu í stofu 5 sem er við inngang skólans. Kósýkot opnar þegar kennslu lýkur hjá yngri nemendum skólans og lokar kl. 16.30. Kósýkot er opið á flestum skipulagsdögum kennara frá kl. 8.30 – 16.30 og á foreldraviðtalsdögum en lokað þegar nemendur og kennarar eru í fríi. Mikilvægt er að skoða skóladagatal varðandi frí í skólanum.

## Samstarf við önnur skólastig

Samstarf hefur verið undanfarin ár við leikskólann Vinagarð sem rekinn er af KFUM og KFUK. Skólahópur á lokaári leikskólans hefur komið í heimsókn í skólann og yngsta stig skólans hefur heimsótt Vinagarð. Markmiðið er að tengja saman skólastigin og gera skólabyrjun auðveldari fyrir væntanlega nemendur sem kjósa að fara úr kristilegum leikskóla í kristilegan grunnskóla.

## Skólabragur Suðurhlíðarskóla

Hver nemandi ber ábyrgð á eigin námi og hegðun. Hann ber ábyrgð á eignum sínum sem og umgengni um eigur skólans og annarra. Nemendur skulu njóta fyllsta öryggis við störf sín í skólanum. Því þurfa öll samskipti milli nemenda innbyrðis og við starfsfólk skólans að byggjast á gagnkvæmri virðingu og jákvæðum aga. Jákvæður agi bætir kennslu og námsumhverfi skólans og eykur líkur á því að nemendur öðlist viðmið varðandi sjálfsaga.

## Skólareglur Suðurhlíðarskóla

*„Allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður, það skuluð þér og þeim gjöra“ (Matt.7:12)*

---

Skólareglur Suðurhlíðarskóla eru aðgengilegar á eftirfarandi vefslóð:

[http://sudurhlidarskoli.is/index.php?option=com\\_content&view=article&id=87&Itemid=340](http://sudurhlidarskoli.is/index.php?option=com_content&view=article&id=87&Itemid=340)

## Umgengnisvenjur og viðurlög

1. Nemendur virða almennar umgengnisvenjur og hlýða fyrirmælum kennara og annars starfsfólks.

**Viðurlög:** Hafi nemandi valdið verulegri truflun á vinnufriði og ekki látið segjast við endurtekna áminningu er heimilt að víkja nemanda úr kennslustund og skal hann þá biðja á kennaragangi eftir umsjónarkennara. Sjá kaflann Agaferli.

2. Einelti, ofbeldi, hrekkir og slagsmál eru ekki liðin í skólanum.

**Viðurlög:** Sjá kaflann Agaferli.

3. Nemendur sinna námi sínu í skólanum og heima af alúð og samviskusemi eftir bestu getu.

**Viðurlög:** Nemandi sem kemur óundirbúinn í kennslustund eða vinnur ekki í tímum getur þurft að sitja eftir þegar kennslu lýkur og vinna upp það sem hann hefur trassað. Sjá kaflann Agaferli.

4. Nemendur mæta stundvíslega í allar kennslustundir. Foreldrum/forráðamönnum ber að tilkynna forföll eins fljótt og auðið er.

**Viðurlög:** Sjá kaflann Reglur um einkunnagjöf fyrir skólasókn.

5. Nemendur ganga vel um skólann og skólalóð og fari vel með bækur og áhöld. Einnig fara þeir vel með eigin eigur og eigur annarra sem þeim er treyst fyrir.

**Viðurlög:** Nemandi sem eyðileggur eignir skólans eða annarra skal bæta það tjón sem hann hefur valdið.



- 
6. Nemendur fara úr yfirhöfnum, höfuðfötum og útiskóm áður en kennslustundir hefjast. Frágangur í fatahengi skal ávallt vera til fyrirmyndar.  
**Viðurlög:** Nemandi þarf að sætta sig við að vera sendur aftur í fatahengi til að afklæðast yfirhöfn og ganga vel frá eftir sig geri hann það ekki er hann kemur inn í skólann.
  
  7. Nemendur eru á skólalóð í frímínútum nema kennari gefi leyfi um annað. Sjoppuferðir eru stranglega bannaðar.  
**Viðurlög:** Sjá kaflann Agaferli.
  
  8. Nemendur koma með hollt nesti í skólann. Sælgæti, gosdrykkir og tyggigúmmí er ekki leyft í skólanum á skólatíma.  
**Viðurlög:** Sælgæti og gos gert upptækt.
  
  9. Nemendur sem mæta með reiðhjól, hjólabretti, hlaupahjól og línuskauta verða að hafa réttan öryggisbúnað.  
**Viðurlög:** Ef nemandi mætir ekki vel varinn þá eru tækin geymd þar til skóladegi lýkur.
  
  10. Nemendur sem mæta með farsíma í skólann skulu hafa slökkt á honum í kennslustundum og símarnir geymdir ofan í tösku. Símanir eru alfarið á ábyrgð nemenda. Nemendum 1.-6. bekkjar er óheimilt að vera með farsíma í skólanum.  
**Viðurlög:** Nemandi áminntur ef hann gleymir að slökkva á símanum. Sími gerður upptækur þar til í lok skóladags ef nemandi daufheyrir.
  
  11. Við geymum leikjatölvur/vasadískó/geislaspilari og önnur leikföng heima nema kennari gefi leyfi um annað.  
**Viðurlög:** Leikjatölvur/vasadískó/geislaspilari gerðar upptækar þar til í lok skóladags ef nemandi daufheyrir.
  
  12. Neysla tóbaks, áfengis og annarra vímuefna er ekki leyfð í skólanum né á leið í og úr skóla, enda er neysla unglunga á þessum efnum brot á lögum landsins.  
**Viðurlög:** Haft verður samband við foreldra samstundis.

## Skólasóknarreglur í 7. – 10. Bekk

1. Leyfi úr kennslustund getur viðkomandi kennari veitt nemanda svo og skólastjóri. Foreldri/forráðamaður þarf að biðja um leyfir fyrir hönd barns síns. Ef óskað er eftir lengra leyfi en í tvo daga þarf að sækja um það skrifalega til skólastjóra á sérstökum eyðublöðum.
2. Gild forföll teljast þau veikindi sem foreldrar/forráðamenn tilkynna í skólann.
3. Fjarvistarstig eru lögð til grundvallar skólasóknareinkunn. Nemandinn hlýtur eitt fjarvistarstig ef hann kemur of seint í kennslustund. Hann hlýtur tvö fjarvistarstig ef hann er fjarverandi úr kennslustund án leyfis. Ef nemanda er vísað úr tíma fær hann þrjú fjarvistarstig.
4. Fjarvistarstig ráða skólasóknareinkunn sem hér segir:

| Fjarvistarstig | Einkunn |
|----------------|---------|
| 0 – 2          | 10      |
| 3 – 5          | 9       |
| 6 – 7          | 8       |
| 8 – 9          | 7       |
| 10 – 11        | 6       |
| 12 – 13        | 5       |
| 14 – 15        | 4       |
| 16 – 17        | 3       |
| 18 – 19        | 2       |
| 20 – 21        | 1       |
| 22 og fleiri.  | 0       |

Ath! Gefin er einkunn fyrir hverja önn og hver nemandi byrjar hverja önn með einkunnina 10.

5. Umsjónarkennarar skulu fylgjast með skólasóknareinkunn nemenda sinna og gefa þeim vikulega yfirlit um það hvernig þeir standa sig.
6. Þegar skólasóknareinkunn er komin niður í 7 ber umsjónarkennara að veita nemenda sínum aðvörun og láta foreldra vita.

7. Fari nemandi niður fyrir 5 í skólasóknareinkunn eru foreldrar og nemandi boðaðir í skólann. Skólastjóri, umsjónarkennari, foreldrar(ri) og nemandi ræða skólasóknarvandamálið.
8. Virði nemandi ekki skólasóknarreglur og fari skólasóknareinkunn niður fyrir 1 getur hann átt á hættu að fá ekki að taka þátt í skemmtunum og ferðum tengdum skólanum.
9. Fari nemandi niður fyrir einkunnina 8 á hann kost á því að hækka um einn heilan með óaðfinnanlegri skólasókn og hegðun í tvær vikur þar til hann hefur ná einkunninni 8.

## Væntingar – skyldur

### -Suðurhlíðarskóli væntir þess af foreldrum-

- Að þeir séu í góðu sambandi við kennarann.
- Að þeir kynni sér námsefnið og tilhögun náms barns síns.
- Að þeir kynni sér aðstæður (vinnustað) barna sinna í skólanum.
- Að þeir kynni sér kröfur og væntingar sem skólinn gerir til barna og foreldra.
- Að þeir mæti á annarlokaviðtöl: kennari – barn – foreldri.
- Að þeir tilkynni veikindi barna sinna.
- Að þeir fari yfir skólareglur og umgengnisvenjur skólans með börnum sínum.
- Að þeir kenni börnum sínum og sjái um að þau:
  - Séu stundvís
  - Stundi nám sitt af alúð
  - Séu vandvirk, kurteis og sýni öðrum virðingu
  - Hafi allt í röð og reglu í skólatöskunni og nauðsynleg gögn meðferðis
  - Hafi með sér hollt nesti
  - Hafi með sér skjólfatnað í samræmi við veður
- Að þeir hafi strax samband við skólann verði þeir óánægðir með eitthvað innan skólans.
- Að þeir ræði ekki ágreiningsefni milli sín og skólans svo börn þeirra heyri.

---

## -Foreldrar vænta þess af Suðurlíðarskóla-

- Að börnin fái kennslu við hæfi.
- Að börnum þeirra líði vel í skólanum og þau nái góðum árangri í námi.
- Að hvorki ofbeldi, einelti né stríðini sé látið viðgangast í skólanum.
- Að börnin séu látin fara eftir skólareglum og að staðið sé við viðurlög.
- Að foreldrar séu látnir vita ef barn þeirra brýtur skólareglurnar.
- Að ávallt sé gæsla í frímínútum.
- Að eiga gott samstarf við kennarann

## Nefndir og ráð í Suðurlíðarskóla

### Skólaráð:

fyrir hönd foreldra: Randi Stebbins, móðir nemanda í 2. bekk og Marianne Jensdóttir, móðir nemanda í 7. bekk.

fyrir hönd kennara: Steinunn Hulda Theodórsdóttir, umsjónarkennari 1. og 2. bekkjar

fyrir hönd annars starfsfólks: Marcia Williams

fyrir hönd nemenda: Jóhann Haukur Sveinbjörnsson

og Kristófer Alexander F. Jakobsen

.

**Nemendaráð** – Kosið verður í nemendaráð eftir skólasetningu en í því sátu eftirfarandi:

Formaður: Jóhann Haukur

Varaformaður: Kristófer Alexander

Gjaldkeri: Dagný Sól

Ritari: Daníel Þór

Meðstjórnandi:

**Nemendaverndarráð** – Skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur og kennsluráðgjafi frá þjónustumiðstöð sitja í því ásamt skólastjóra.

**Foreldrafélag** – Ný stjórn verður kosin sem fyrst þar sem nokkrir fulltrúar dittu úr stjórn þegar nemendur fóru úr skólanum í haust.

Stjórn foreldrafélagsins:

Formaður:

Gjaldkeri:

Ritari:

Meðstjórnendur 2 eru: